

Nd. 214. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: sem sett verði um sérstök löggjöf.
2. Við 2. gr. 1. málslíður orðist svo:
Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram.
3. Við 12. gr. Greinin falli niður.
4. Við 13. gr. Greinin falli niður.
5. Við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Framlög til almannatrygginga skv. lögum þessum vegna ársins 1972 falla niður sem hér segir:
 - A. Vegna lífeyristrygginga:
 1. Hlutur hinna tryggðu skv. b-lið 20. gr.
 2. Hlutur sveitarsjóða skv. c-lið 20. gr.

B. Vegna sjúkratrygginga:

Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972. Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi með jöfnum greiðslum á árinu kr. 2 125.00 fyrir hvern samlagsmann gegn uppgjöri að árinu loknu.

Ríkissjóður greiðir á árinu 1972 tekjuskerðingu almannatrygginga, sem af þessum ákvæðum leiðir.

- II. Í ársbyrjun 1972 skulu stjórnir sjúkrasamlaga sjá um, að hvert samlag sé gert upp nákvæmlega miðað við 1. janúar 1972. Öll álögð en óinnheimt iðgjöld skulu færð til tekna og eignar, en tilfallin, ógreidd gjöld á þeim tíma færð til gjalda og til skuldar. Útistandandi iðgjöld skulu síðan endurmetin með hliðsjón af sennilegum vanhöldum í innheimtu, ekki minna en 15%.

Jákvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal færast hlutaðeigandi sveitarfélögum og ríkissjóði til eignar, þannig að sveitarfélög fái 42.5%, en ríkissjóður 57.5%.

Neikvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal hins vegar með jöfnum greiðslum 1972 og 1973 jafnaður af ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóðum, þannig að ríkissjóður greiði 57.5%, en sveitarsjóður 42.5% mismunarins.

- III. Árið 1972 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð.

Gylfi Þ. Gíslason tók fram, að hann teldi fjölskyldubætur eiga áfram að hækka sjálfkrafa í kjölfar hækkunar á kaupgjaldi, eins og lögtekið var á síðasta Alþingi, en eigi ekki að vera úrskurðaratriði ríkisstjórnarinnar, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og mun bera fram breytingartillögu þar að lútandi. Þá vekur hann athygli á þeirri breytingu frv. á gildandi lögum, að sjálfkrafa hækkun tryggingarbóta skuli framvegis miðast við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, en ekki kaup í fiskvinnu, sem mun hafa í för með sér minni hækkun bóta en ella, þar eð kaup í fiskvinnu hækkaði í síðustu kjarasamningum meir en almennt verkamannakaup. Enn fremur mun hann bera fram breytingartillögu um, að greiddar skuli áfram fjölskyldubætur vegna skólanemenda til 21 árs aldurs, nema þeir hafi áður öðlazzt skilyrði til þess að njóta námsaðstoðar skv. gildandi reglum hverju sinni um námsaðstoð samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ragnhildur Helgadóttir og Ólafur G. Einarsson taka fram, að þau telja sanngjarnt og þjóðhagslega heppilegt, að tekjur ellilífeyrisþega að vissu marki verði ekki látnar valda skerðingu á rétti til tekjutryggingar skv. 4. gr. 1. mgr.

Gylfi Þ. Gíslason, Ólafur G. Einarsson og Ragnhildur Helgadóttir taka fram, að þau telji óhjákvæmilegt að átelja, hversu seint þetta mikilvæga mál var lagt fyrir Alþingi og hversu lítinn tíma nefndin hefur þess vegna haft til athugunar á því. Einkum og sér í lagi telja þau þó á mælisvert, að nefndinni skuli hafa verið ætlað að taka afstöðu til bráðabirgðaákvæðanna um fjáröflunina á nokkrum klukkustundum. Þar er um að ræða þátt í þeirri breytingu, sem ríkisstjórnin hefur boðað sem stefnu sína varðandi tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, en heildarafstaða til þeirra mála hefur ekki verið tekin. Hins vegar er sú hækkun tryggingarbóta, sem frv.

sjálft gerir ráð fyrir, svo mikið nauðsynjamál, að þau telja rétt, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 16. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Jón Skaftason.	Ragnhildur Helgadóttir.
	Ólafur G. Einarsson.	

Fylgiskjal.

Greinargerð fjármálaráðuneytisins

með ákvæðum til bráðabirgða við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Ákvæði þessi fela í sér þá stefnubreytingu á fjármögnun almannatryggingakerfisins, sem ríkisstjórnin vill beita sér fyrir þegar frá 1. janúar 1972 að telja. Enn fremur fela ákvæðin í sér nokkrar hliðarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessari stefnubreytingu.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

- A. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði allan kostnað hinna tryggðu af lífeyristryggingum, sem fólginir hefur verið í greiðslu almannatryggingagjalda, svo og hlut sveitarsjóða í kostnaði lífeyristrygginga.

Æskilegt er, að hlutur atvinnurekenda skv. d-lið 20. gr. falli einnig niður eða færast yfir á annað og fyrirhafnarminna álagningar- og innheimtuform. Þarf slík breyting að haldast í hendur við frekari skipulagsbreytingar, sem þarfnast frekari undirbúnings. Sama á við um iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga.

- B. Gert er ráð fyrir, að sjúkrasamlagsiðgjöld frá og með 1. janúar 1972 falli niður. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að sem næst helmingur þess hluta sjúkratryggingakostnaðar, sem sveitarfélög hafa borið, sbr. 3. mgr. 49. gr. laganna, falli niður, en hlutur ríkissjóðs aukist að sama skapi.

Rök til þessarar stefnubreytingar eru tvenns konar:

1. Að því er varðar niðurfellingu almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjalda eru þau gjöld orðin óhæfilega há, sérstaklega fyrir tekjulága, þar eð þau hafa verið lögð á án tillits til afkomu. Að óbreyttu kerfi hefðu þessi iðgjöld fyrir hjón þurft að vera nær 22 þús. kr. samtals 1972 og nær 13—16 þús. kr. fyrir einstakling. Þykir slík skattlagning á tekjulága fjölskyldumenn og skólafólk óhæfileg.
2. Að því er varðar sveitarfélög, er verið að létta af þeim meginþunga þeirra útgjalda, sem sveitarfélögin hafa engan ákvörðunarrétt um, heldur verða að sæta ákvörðun Alþingis hverju sinni. Þykir eðlilegt í því efni, að sem mest fari saman ákvörðun um útgjöld og heimildir til skattlagningar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Sú stefna, sem mörkuð er með ákvæðum til bráðabirgða I, felur í sér alger umskipti í kostnaðarskiptingu útgjalda vegna sjúkratrygginga. Þykir nauðsynlegt, að fram fari uppgjör á öllum sjúkrasamlögum á þessum tímamótum, til þess að eignum sjúkrasamlaga eða skuldum umfram eignir, ef það á við, verði ráðstafað til þeirra aðila, sem telja má eðlilegt að taki við eignum, ef um þær er að ræða, og beri skuldir umfram eignir, þar sem svo ber undir, skv. núgildandi kostnaðarskiptingu.

Tillögurnar miðast við, að ríkissjóður og sveitarfélög beri kostnað af kerfinu frá 1. janúar 1972 í hinum nýju hlutföllum, en höfuðstóll sjúkrasamlaganna verði nákvæmlega uppgerður miðað við þann dag og skipt milli ríkis og sveitarfélaga í núgildandi hlutföllum.

Með sama hætti er gert ráð fyrir í þessum ákvæðum, að ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarfélög jafni neikvæðan höfuðstól í eldri kostnaðarhlutföllum, þannig að sveitarfélag greiði hvort tveggja, þann hlut, sem því bar, og hlut hinna tryggðu.

Þykir með þessum hætti fást sanngjarnt uppgjör á eldri kostnaðarskiptingu samlaganna.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið felur eingöngu í sér framlengingu fyrir árið 1972 á sérstökum launaskatti, $1\frac{1}{2}\%$, sem upprunalega var álagður með lögum nr. 94 18. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, en síðar framlengdur til ársloka 1971 með bráðabirgðalögum nr. 77 21. júlí 1971, um breyting á þeim lögum.

Ber nauðsyn til að framlengja skattinn, þannig að hann komi til endurskoðunar, um leið og fjármögnun almannatrygginga verður tekin til ihugunar við frekari endurskoðun þessara laga.